

Nr. 043 / 13 Máney ÍS 97**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6935
Smíðaður: Hafnarfjörður 1987, plast
Stærð: 6,64 brl. 6,34 bt.
Mesta lengd: 8,96 m Skráð lengd: 8,90 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,54 m
Vél: Volvo Penta 119 kW 1998
Fjöldi skipverja: 1



Gögn:
Gögn RNS

Máney©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. maí 2013 var Máney ÍS 97 á grásleppuveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: NA 6-8 m/s.

Þegar báturinn var staddur rétt fyrir innan Barðann varð hann vélarvana og Sjávarperlan ÍS 313 dró hann til hafnar á Flateyri.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn varð olíulaus en olíumælir sýndi annað. Í ljós kom að flotholtið í tanknum var fast, sennilega vegna langrar legu bátsins.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.